



Hamarsey í Flóahreppi 5. ágúst 2021

Til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Erindi: Breyting á staðfangi úr Hamar Land 2 í Hamarsey.

Við undirrituð, eigendur Hrossaræktarbúsins Hamarseyjar í Flóahreppi, óskum eftir að staðfangi landsins (landnúmer 212450) verði breytt. Núverandi staðfang er Hamar Land 2.

Sveitarstjórn samþykkti nýlega deiliskipulagsbreytingu á fundi sínum þann 6. júlí sl. Skipulagsfulltrúi UTU mæltist til þess að staðfangið Hamar Land 2 yrði tekið til endurskoðunar. Það er hér með orðið við því og sótt um heitið Hamarsey.

Við eigendurnir höfum kallað landið Hamarsey allt frá árinu 2007 þegar við keyptum landið, um 110 hektara, úr landi Hamars. Nafnið er tilkomið vegna eyju í Hamarsflóðum sem er á landamerkjum Hamars og Hamarseyjar. Þar hefur álfatarpar verpt sl. ár ef ekki áratugi. Önnur ástæða er að Flóáveitan umlykur landið með rennandi vatni í skurðum, og myndar nokkurs konar eyju.

Auk þess er nafnið góð íslenska, fellur vel að íslenskri málhefð og beygingarreglum.

Á Hamarsey hefur verið rekið farsælt hrossaræktarþú frá árinu 2007. Hamarsey er orðið mjög vel þekkt nafn í Íslandshestaheiminum og hafa hross frá Hamarsey samtals hampað níu Íslandsmeistaratitlum í hestaíþróttum.

Virðingarfyllt,

Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos

Hamarsey

hamarsey@hamarsey.is

Sími 8641315

